

27.02.2024

Svæðisskipulag Suðurlandis 2022-2042 auglýst tillaga

Tillaga að Svæðisskipulagi Suðurlandis hefur verið auglýst með vísun í málsmeðferð í skipulagslögum og lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda

Umsagnir, athugasemdir og ábendingar vinnslutillaga

Þann 15. nóvember 2023 var í gegn um skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, leitað eftir umsögnum frá fjölmörgum aðilum. Kynningartíma lauk 19. janúar 2024. Margar umsagnir bárust auk þess sem fjölmargar athugasemdir og ábendingar bárust inn á skipulagsgáttina.

Umsagnir og viðbrögð við þeim voru yfirfarin á fundi svæðisskipulagsnefndar 27.febrúar 2024. Á þeim fundi var fjallað um meðfylgjandi minnisblað og í því lagðar línur um viðbrögð við umsögnum og athugasemdum. Umsagnir og athugasemdir eru flokkaðar saman í eftirfarandi þemu: A - Almennar athugasemdir, S – Samgöngur, V-Viðerni, RF- Dreifikerfi raforku og fjarskipta, FE-Ferðaþjónusta og innviðir, VE-Verndun, MA-Mannvirkjasvæði, BV-Beitar og veiðinytjar, O-Orka, U-Umhverfismatsskýrsla, G-Grunnvatn, LG-Landslagsgreining, KY-Kyrrlát svæði, Á-Almennt um samræmi við áætlanir, SK-Skógrækt, FR-Framfylgd, LO-Loftslag. Lögð er áhersla á að gera grein fyrir þeim ábendingum sem snerta tillöguna og efni hennar beint.

Ef gerðar eru breytingar á tillögu í kjölfar umsagna/ábendinga þá eru þær undirstrikaðar í svörum svæðisskipulagsnefndar.

Á auglýsingatíma bárust umsagnir, athugasemdir og ábendingar frá eftirfarandi aðilum, í sömu röð og í skipulagsgátt:

- | | |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. Hornafjörður | 13. Birna Ásgeirsdóttir |
| 2. Borgarbyggð | 14. Halldór Sveinsson |
| 3. Rangárþing eystra | 15. Reynir Snær Valdimarsson |
| 4. Forsætisráðuneytið | 16. Rangárþing ytra |
| 5. Sveitarfélagið Ölfus | 17. Veðurstofa Íslands |
| 6. Kjósarhreppur | 18. Flóahreppur |
| 7. Páll Halldór Halldórsson | 19. Helgi Jónas Helgason |
| 8. Hjörtur Sævar Steinason | 20. Orkusalan |
| 9. Jón Guðmundur Guðmundsson | 21. Eyjafjarðarsveit |
| 10. Einar Kristján Haraldsson | 22. Ferðafélag Íslands |
| 11. Davíð Örn Benediktsson | 23. Örnólfur Þór Guðmundsson |
| 12. Guðmundur Hafsteinsson | 24. Þorvarður I. Þorbjörnsson |

- | | |
|---|---|
| 25. Sighvatur Jónsson | 51. Ferðaklúbburinn 4x4 |
| 26. Dagbjartur Lárus Herbertsson | 52. Samút |
| 27. Dagbjartur Lárus Herbertsson (samhljóða 26) | 53. Skógræktin |
| 28. Landssamband Íslenskra Vélsleðamanna | 54. Landgræðslan |
| 29. Rémy David Martinache | 55. Samgöngustofa |
| 30. Gunnar Sturla Ágústuson | 56. Sigvaldi Sigurðarson |
| 31. Mosfellsbær | 57. Landvernd |
| 32. Félag húsbílaeigenda | 58. Einar Torfi Finnsson |
| 33. Freyr Þórsson | 59. Umhverfisstofnun |
| 34. Sveitarfélagið Skagafjörður | 60. Ívar Örn Lárusson |
| 35. Íslensk Vatnsorka | 61. Landsvirkjun |
| 36. Michael Virgil Bishop | 62. Eldvötn |
| 37. Thomas Davíð Stankiewicz | 63. Kristján Logason |
| 38. Náttúrufræðistofnun Íslands | 64. Snædís Arnardóttir |
| 39. Minjastofnun Íslands | 65. Pálmi Hannesson |
| 40. Landsnet | 66. Ingunn Ósk Árnadóttir |
| 41. Akureyri | 67. Alberto Ojembarrena Magister |
| 42. Landeigendur Úthlíð | 68. FETAR |
| 43. Þjóðgarðurinn Þingvöllum | 69. Kristinn Magnússon |
| 44. Gísli Viðar Eggertsson | 70. Ófeig (umsögn barst seint) |
| 45. Michael Virgil Bishop/Emma | 71. Fiskistofa (umsögn barst seint) |
| 46. Ferðaklúbburinn 4x4 – Suðurlandsdeild | 72. Náttúruverndarsamtök Suðurlands |
| 47. Árni Alfreðsson | 73. Þingeyjarsveit (umsögn barst seint) |
| 48. Útivist | |
| 49. Mýrdalshreppur | |
| 50. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands | |

Hornafjörður, Borgarbyggð, Rangárþing eystra, Forsætisráðuneytið, Ölfus, Kjósarhreppur, Rangárþing ytra, Veðurstofa Íslands, Flóahreppur, Mosfellsbær, Skagafjörður og Mýrdalshreppur gera ekki athugasemdir við tillöguna.

Skógræktin og Landgræðslan hafa sameinast undir merkjum Lands og skógar og nefnast svo hér eftir.

NR.	AÐILAR	EFNISATRÍÐI	SVÖR SVÆÐISSKIPULAGSNEFNDAR
A	Almennt		
A.1	Umhverfisstofnun	„Á mynd. 10 er sýnd afmörkun fyrir svæði á B-hluta náttúruminjaskrár. Umhverfisstofnun bendir á að Náttúrufræðisstofnun lagði til á sínum tíma til tillögur að svæðum á B-hlutanáttúruminjaskrár en skráin hefur ekki verið staðfest.“	Athugasemd þarfnast ekki viðbragða.
A.2	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	Í kafla 3.2.1.2 er listi yfir svæði sem bætast við flokk hálandismiðstöðva en þar eru talin upp bæði Hrauneyjar við Sprengisandsleið og Hrauneyjar. Á mynd 3 er sýnd ein hálandismiðstöð undir nafninu Hrauneyjar.	Tvítækning Hrauneyja í upptalningu <u>verður leiðrétt.</u>
A.3	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands Ferðaklúbburinn 4x4 Náttúrufræðistofnun	Í kafla 3.2.1 kemur fram að þjónustustaðir ferðamanna hafi verið flokkaðir í samræmi við skilgreiningu í landsskipulagsstefnu í jaðarmiðstöðvar, hálandismiðstöðvar, skálasvæði og fjallasel og á flokkun þjónustustaða að vera sýnd á mynd 3. Þar eru hins vegar aðeins sýndir þrír flokkar; jaðarmiðstöðvar, hálandismiðstöðvar og skálasvæði, en fjallaselin vantar.	Samkvæmt landsskipulagsstefnu skiptast þjónustustaðir ferðamanna í jaðarmiðstöðvar, hálandismiðstöðvar, skálasvæði og fjallasel. Í svæðisskipulagi er ekki birtur listi yfir fjallasel og þau ekki birt á mynd 3. <u>Leiðrétt hefur verið í texta</u> þar sem sagt er að þau séu sýnd á mynd 3, því svo er ekki.
A.4	Landsnet	Í umhverfismati skipulagsins er vísað í Kerfisáætlun 2020-2029 en í skipulagstillögunni er vísað í Kerfisáætlun 2021-2030. Landsnet vill í því sambandi benda á að Kerfisáætlun Landsnets er nú gefin út annað hvert ár. Mikilvægt er að stefnumörkun í skipulagi taki mið af Kerfisáætlun Landsnets hverju sinni.	Stefnumörkun svæðisskipulagsins horfði til Kerfisáætlunar Landsnets 2021-2030 eins og kemur fram í umfjöllun sem birt er til skýringar við stefnu um flutningskerfi raforku og fjarskipti. Í umhverfismatsskýrslu, er bæði vísað til kerfisáætlunar 2020-2029 og 2021-2030 í umfjöllun um flutningskerfi raforku.
A.5	Land og skógur	Kort í greinargerðinni eru smá og erfið aflestrar, og þyrfti annað tveggja að hafa þau stærri eða hafa þau aðgengileg með betri upplausn.	Kortagrunni svæðisskipulagsins er og verður miðlað á vefsíðu SASS.is
A.6	Land og skógur	Gróður er viðkvæmasta auðlindin á hálandinu, og er sérlega viðkvæmur fyrir raski. Óska eftir að þetta endurspeglit í megináherslum og framtíðarsýn svæðisskipulagsins eins og sett er fram t.d. á bls. 14.	Í meginmarkmiði fyrir viðfangsefnið Umhyggja fyrir auðlindum segir „Á hálandinu er ósnortin náttúra og þeirri sérstöðu viljum við viðhalda. Þar upplifum við óbyggðir og viljum gera það áfram. Við höldum í verðmæt og einstök svæði með verndun landslagshelda og sérstæðrar náttúru og umgöngumst náttúruna og auðlindir af virðingu.“ Gróður er hluti þeirrar náttúru sem þarna er vísað til og ber umfjöllun í kaflanum þess merki.
A.7	Landvernd	Landvernd telur að allar framkvæmdir innan þjóðlenda þurfi samþykki forsætisráðuneytisins. Þótt það sé gott að sveitarfélögin starfi saman að náttúruvernd og nýtingu sem þau eiga rétt á frá fornu fari, telur Landvernd það ekki samræmast lögum að sveitarfélög geti ráðist í óafturkræfar framkvæmdir á hálandinu án aðkomu forsætisráðuneytisins.	Í kafla 1.1.1. um þjóðlendur er fjallað um leyfisveitingar fyrir framkvæmdum innan þjóðlenda.

A.8	Náttúruverndarsamtök Suðurlands	Kalla eftir að fram komi hvaða ramma sveitastjórnir geti haft til viðmiðs þegar stungið verður upp á annarri nýtingu á landi, til virkjana, iðnaðar, landbúnaðar eða ferðaþjónustu. Á að gilda reglan fyrstur kemur, fyrstur fær? Hvað fá þeir sem á eftir koma? Yfirlýsingar hafa borist frá landeigendum um að þeir muni sækja rétt sinn ef reynt verði að hindra eða takmarka hugdettur þeirra um að njóta arðs af eignum sínum.	Sveitarstjórnir setja fram stefnu sína um landnotkun í aðalskipulagi, og eftir atvikum svæðisskipulagi og deiliskipulagi. Svæðisskipulag Suðrhálendis nær til Þjóðlenda og er íslenska ríkið lýst eigandi þessara svæða auk þeirra landsréttinda og hlunninda þar sem aðrir eiga ekki.	
S	Samgöngur			
S. 1	Náttúrufræðistofnun	Í skipulagstillögu hefur verið bætt við viðbrögðum við ábendingum sem m.a. komu frá Náttúrufræðistofnun um mögulega hættu að náttúru svæðisins sem aukin umferð vegna bættra vegasamgangna gæti haft, en þau eru þess eðlis að hönnunarviðmið og -útfærslur eigi að geta leyst úr þeim áhyggjum og einnig minnka líkur á að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist. Eins og segir í greinargerð, eiga mannvirkin að hafa "lágmarks áhrif" á þessa þætti. Hvað er átt við með því? Náttúrufræðistofnun telur að jafnvel þótt vel heppnist með hönnun og að rask vegna vegagerðar og ásýndaráhrif verði minniháttar, eigi eftir að greina betur þá ógn sem mikil aukning á umferð á ýmsum árstímum getur leitt af sér fyrir viðkvæma náttúru svæðisins og að mat á þolmörkum viðkvæmra svæða skortir.	Gert er ráð fyrir að mótuð verði hönnunarviðmið fyrir hálendisvegi þar sem þetta yrði til umfjöllunar sbr. kafla 3.1.1.: „Við mannvirkjagerð skal hafa sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði að leiðarljósi með áherslu á verndun víðerna, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda. Leitast skal við að vegir fylgi línunum í landinu, hryggjum oghæðum. Móta skal hönnunarviðmið fyrir hálendisvegi sem taki mið af aðstæðum í óbyggðum og lítt snortinni náttúru og að mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.“	
S. 2	Náttúrufræðistofnun	Engin breyting hefur orðið á áformum um uppbyggingu meginstofnvega á Suðrhálendinu þ.m.t. á Fjallabaksleið nyrðri sem fer um Friðland að Fjallabaki. Náttúrufræðistofnun benti á í fyrri umsögn að um mjög mikla eðlisbreytingu væri að ræða sem þyrfti að skoða og ræða í stærra samhengi áður en þær eru festar í sessi í svæðisskipulagi.	Það er stefna svæðisskipulags Suðrhálendis að Fjallabaksleið nyrðri sé stofnvegur en leiðin hefur ríkt öryggishlutverk ef vegir teppast sunnan jökla.	
S.3	Ferðaklúbburinn 4x4 – Suðurlandsdeild Ferðaklúbburinn 4x4 Þingeyjarsveit Páll Halldór Halldórsson Jón Guðmundur Guðmundsson Snædís Arnardóttir Einar Kristján Haraldsson Birna Ásgeirsdóttir Örnólfur Þór Guðmundsson Halldór Sveinsson Landssamband íslenskra vélsleðamanna Rémy David Martinache Gunnar Sturla Ágústuson	Kristján Logason Ingunn Ósk Árnadóttir Náttúruverndarsamtök Suðurlands Hjörtur Sævar Steinason Reynir Snær Valdimarsson Dagbjartur Lárus Herbertsson Thomas Davíð Stankiewicz Landvernd Einar Torfi Finnsson Kristján Logason Gísli Viðar Eggertsson Ívar Örn Lárusson	Margar umsagnir vara við uppbyggingu vega og því að lagt sé bundið slitlag á hálendisvegi því það muni hafa í för með sér fjölgun ferðamanna og aukna þungaflutninga, sem aftur skaði hálendið og ásýnd þess. Opnun á rútuáðgengi geti opnað leið fyrir vöruflutningabíla. (Ferðaklúbburinn 4x4, Páll Halldór Halldórsson, Jón Guðmundur Guðmundsson o.fl.). Þingeyjarsveit bætir við að áform um legu og uppbyggingu Sprengisandsleiðar eru ekki í samræmi við hugmyndafræði sem hefur komið fram í skipulagi Þingeyjarsveitar, en lýsing á tengivegum	Vegir eru almennt hannaðir í samræmi við vegalög. Stofnvegir á hálendinu eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu en það er ekki stefna sveitarfélaganna á Suðurlandi að umtalsverðir vöruflutningar milli landshluta færist yfir á stofnvegi á hálendinu. Stefna svæðisskipulagsins tekur mið af því. Stefna um stofnvegi felur m.a. í sér að Kjalvegur, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri vestan Landmannalauga verði hóflega uppbyggðir sumarvegir með slitlagi. Það er mat sveitarfélaganna að slík stefna sé í samræmi við gildandi landsskipulagsstefnu um að „viðhald og frekari uppbygging samgöngukerfis á hálendinu stuðli að góðu aðgengi að hálendinu og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta.“ Stefna svæðisskipulagsins er einnig í samræmi við markmið um bætt aðgengi sbr. markmið um „að þróa stefnu um samgöngur á miðhálendinu m.t.t. bættis aðgengis og orkuskipta“ sem finna má í drögum Innviðaráðuneytisins að hvítbók um skipulagsmál sem kynnt var í sept.-okt. 2023. Sjá nánari umfjöllun í kafla

	Freyr Þórsson Árni Alfreðsson Sigvaldi Sigurðarson Einar Torfi Finnsson	Alberto Ojembarrena Magister Michael Virgil Bishop/Emma FETAR Kristinn Magnússon	höfði betur til þeirrar hugmyndafræði sem hefur komið fram í skipulagi Þingeyjarsveitar, þ.e. að vegir verði byggðir lítilega upp úr landinu og helstu ár brúaðar. Bundið slitlag krefst kostnaðarsams viðhalds. Óljóst í gögnum hver mun sinna viðhaldi veganna og sé veghaldari (Michael Virgil Bishop/Emma, FETAR, Kristinn Magnússon Snædis Arnardóttir). Slóða ætti ekki að færa upp um flokk, að fjallvegi. Dæmi: Afréttarvegur við Gljúfurleit, Illahraunsleið, á Gnúpverjaafrétti (<i>Jón Guðmundur Guðmundsson, Ferðaklúbburinn 4x4 – Suðurlandsdeild, Ferðaklúbburinn 4x4, Landvernd</i>).	3.1.1. í greinargerð svæðisskipulagsins um stofnvegi og tengivegi um hálendið. Við þetta má bæta að í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024–2038 er gert ráð fyrir að bundið slitlag verði lagt á Kjalveg milli Kattahryggjar og Kerlingarfjallavegar á 2. tímabili áætlunarinnar, 2029–2033. Þingályktunin hefur verið lögð fram á alþingi. <u>Er umfjöllun um þetta bætt inn í kafla 3.1.1. undir umfjöllun <i>Til skýringar</i>.</u> Svæðisskipulagið tekur einungis til stefnu um þjóðvegi á Suðurlandi og veghaldari þeirra er Vegagerðin. Flokkun vega á Gnúpverjaafrétti er í samræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 - 2029.
S.4	Félag húsbílæigenda	Benda á ósamræmi milli gr.3.1 og gr.3.1.1. Á einum stað stendur að vegir verði ekki hannaðir fyrir vöruflutninga en á öðrum að stofnvegir hálendisins verði mikilvægir fyrir flutninga og ferðabjónustu. Hvort gildir?	Í 8. gr. vegalaga segir að stofnvegir á hálendi séu vegir sem eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðabjónustu. Frá því er sagt í kafla 3.1.1.	
S.5	Eyjafjarðarsveit	Eyjafjarðarsveit ítrekar fyrri umsögn sína um að skipulag skuli ekki útiloka að stofnvegir yfir hálendið séu hannaðir fyrir vöruflutninga á milli landshluta	Það breytir því ekki að það er skýr stefna svæðisskipulagsins að stofnvegir hálendisins verði ekki hannaðir fyrir vöruflutninga á milli landshluta og að þar verði ekki gert ráð fyrir reglubundinni umferð þungaflytninga.	
S.6	Kristinn Magnússon	Fagnar því að vegir verði einungis opnir að sumri og engir vöruflutningar.	Þarfnast ekki viðbragða.	
S.7	Akureyri Davíð Örn Benediktsson	Fagnaðarefni að vegir yfir Kjöl og Sprengisand fái bundið slitlag þar sem það stytir leiðir milli norður- og suðurlands. Davíð Örn Benediktsson bætir við: Stytting leiða milli landshluta hefur ósjálfrátt í för með sér gríðarlegan umhverfislegan ávinning.	Þarfnast ekki viðbragða.	
S.8	Þorvarður I. Þorbjörnsson Freyr Þórsson	"Áhersla er á að öll vélknúin umferð sé á skilgreindum vegum og slóðum". Undir "3.1 Vegir" er hvergi frekar minnst á þessa skilgreindu vegi og slóða. Hvað er skilgreindur vegur eða slóði? Freyr Þórsson tekur undir og bætir við: Hér væri rétt að bæta við "að sumarlagi" eða jafnvel frekar "þegar jörð er ekki frosin og snævi þakin". Kafli 3.1.1 Vegir, bls. 16 „Svæðisskipulagið tekur einungis til þjóðvega á Suðurlandinu, sem eru opnir almennri umferð yfir sumartímann“ En fyrir á sömu síðu, undir 3.1	Vegagerðin heldur skrá í Stafrænum kortagrunni um vegi í náttúru Íslands, aðra en þjóðvegi, þar sem umferð ökutækja er heimil sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007. Um akstur utan vega er fjallað í reglugerð nr. 528/2005 þar sem segir „Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í náttúru Íslands. Heimilt er þó að aka vélknúnum ökutækjum á jöklum svo og snævi þakinni og frosinni jörð svo fremi að ekki skapist hættu á náttúruspjöllum.“	

		kemur fram „Áhersla er á að öll vélknúin umferð sé á skilgreindum vegum og slóðum“. Hér er visst ósamræmi, hvort fjallar svæðisskipulagið eingöngu um þjóðvegi eða einnig alla minni slóða og fáfarnari leiðir?	Í svæðisskipulaginu er sett fram stefna um þjóðvegi á Suðurláendi, staðsetningu þeirra í megindrættum og flokkun þeirra. Svæðisskipulagið fjallar á mjög takmarkaðan hátt um aðra vegi og slóða en tekur t.a.m. undir ákvæði reglugerðar nr. 528/2005 eins og minnst er á hér að ofan.
S.9	Freyr Þórsson	3.2.2.1. ferðaleiðir akandi, bls. 33 „Meginleiðir að sumri fyrir fjórhjóladrifsbíla: Stefnt að sumaropnun. Meiri óbyggðaupplifun, óbrúaðar ár, grófari vegur. Megin áfangastaðir eru þjónustumiðstöðvar á hálendinu og skálasvæði.“ Það kemur mér undarlega fyrir sjónir að flokka Þórsmörkurveg og Fjallabaksleið syðri sem meginleiðir fyrir fjórhjóladrifsbíla. Á báðum þessum leiðum eru margar óbrúaðar ár, sumar geta reynst torfærar jafnvel öflugum sérútbúnum bílum. Er stefnan að nota þessa flokkun sem átyllu til þess að leggja í heilmiklar framkvæmdir á þessum leiðum til að setja brýr eða ræsi á stærri vatnsföllin svo þetta flokkist sem fært hvaða fjórhjóladrifna bíl sem er?	Þórsmörkurvegur og Fjallabaksleið syðri eru teknar sem dæmi um ferðaleiðir sem mögulegt er að þróa sem ferðaleið fyrir hópa sem vilja meiri óbyggðaupplifun, óbrúaðar ár og grófari veg. Sérstaklega er tiltekið í textanum að þarna geti verið óbrúaðar ár.
S.10	Samgöngustofa	Óska eftir að birt sé staðsetning allra fluglendingarstaða sem koma svæðisskipulaginu við (hér t.d. Hveravellir, Kerlingarfjöll, Þórsmörk, Skálavatn og Nýidalur), auk lendingarstaða á einkalandi.	Lendingarstaðir flugvéla eru ekki viðfangsefni svæðisskipulagsins.
S.11	Ferðafélag Íslands	Fagna því að stofnvegum hefur fækkað og margir hverjir færðir í flokk tengivega. Tekið er undir setninguna :“Leitast skal við að vegir fylgi línunum í landinu, hryggjum og hæðum.“	Þarfnast ekki viðbragða.
S.12	Ferðafélag Íslands	Telja afar mikilvægt að gengið verði strax frá efnisnýtingarsvæðum þannig að fyrirbyggjandi landslag sé haft til viðmiðunar. Kalla eftir því að settur verði hámarkstími sem heimilt sé að stunda námutak þar til því verður lokið að fullu.	Ekki er fjallað um námur í svæðisskipulaginu en öll efnistaka þarf að vera í samræmi við lög og reglur. Gagnlegar upplýsingar um þetta eru m.a. á námur.is
V	Víðerni		
V.1	Einar Kristján Haraldsson Rémy David Martinache Félag húsbílaeigenda Michael Virgil Bishop Michael Virgil Bishop/Emma Samút Landvernd Eldvötn Kristján Logason	Skipulagstillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu og nýtingu víðerna sem samræmist ekki verndun náttúrunnar (Ýmsir). Þeirri stefnu að fylgja víðernisskilgreiningu Háskólasetursins á Höfn er fagnað enda sé hún í samræmi við lög um náttúruvernd (Ferðaklúbburinn 4x4).	Í umhverfismatsskýrslu svæðisskipulagsins kemur fram að víða í svæðisskipulaginu komi fram að stefna þess er að mannvirkjagerð og umferð fólks um hálendið skerði víðerni og náttúrugæði sem minnst að mannvirkjagerð. Stefna svæðisskipulagsins gerir ráð fyrir að stofnvegir um hálendið verði „byggðir upp úr landinu og verða að jafnaði með klæðningu, ár og lækir brúaðir“. Vegkaflar á þessum stofnvegum munu skerða víðerni skv. viðmiðum þeirrar kortlagningar víðerna sem lögð er til grundvallar í svæðisskipulaginu (Höfn 2021). Til að vinna á móti neikvæðum áhrifum á víðerni er sett stefna sem miðar að því að stofnvegir verði hóflega uppbyggðir, hönnun stofnvega

	FETAR Ferðaklúbburinn 4x4		<p>taki mið af náttúruvernd með tilliti til landslags, víðerna og verndar viðkvæmra svæða eða svæða með hátt verndargildi. Leitast verði við að vegir fylgi línunum í landinu, hryggjum og hæðum til að draga úr sýnileika þeirra, og draga um leið úr áhrifum á víðerni. Móta skal hönnunarviðmið fyrir hálandisvegi sem taki mið af aðstæðum í óbyggðum og lítt snortinni náttúru og að stofnvegir og umferð um þá hafi lágmarks áhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. Með þessum mótvægisáðgerðum er dregið úr áhrifum af stefnu um hóflega uppbyggða stofnvegi sem verða að jafnaði með klæðningu og dregið úr verulega neikvæðum áhrif á umhverfið.</p> <p>Ef kortlagning víðerna í samræmi við náttúruverndarlög, sem átti að liggja fyrir 1. júní 2023 verður ekki lokið þegar svæðisskipulagið tekur gildi, er lagt til að áhrif stefnu um stofnvegi á víðerni verði endurmetin þegar kortlagningin liggur fyrir ásamt hönnunarviðmiðum fyrir hálandisvegi, í samræmi við stefnu skipulagsins. Þessi kortlagning liggur ekki fyrir þegar unnið er að úrvinnslu þeirra athugasemda sem hér er gerð grein fyrir.</p>
V.2	FETAR Freyr Þórsson	<p>Í fyrri skipulagstillögu var sett fram tafla 3 sem sýndi að fjallvegir og slóðar sem ekki eru upphækkaðir skerði ekki víðerni en þessi tafla er ekki í þessari útgáfu tillögunnar sem er miður.</p> <p>Freyr Þórsson er sama sinnis og óskar eftir skýringu á hvers vegna taflan hefur verið fjarlægð.</p>	<p>Þessi tafla á ekki við þau viðmið sem lögð eru til grundvallar við Kortlagning víðerna sem miðað er við í svæðisskipulaginu og er kennd við Rannsóknarsetur á Hornafirði og var unnin af David C. Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnasyni. Þar af leiðandi á ekki lengur við að birta hana.</p>
V.3	Ófeig	<p>Brýnt er að svæðisskipulagsnefndin fari að landsskipulagsstefnu, kafla 1.1.5, og leggi skýrt og magnbundið mat (e. quantitative impact) á bæði skerðingu sem áætlunin hefði á óbyggð víðerni, og mögulega endurheimt þeirra, en hafi ekki einungis að geyma óljós kort á myndum 15 og 16 í kafla 2.2.4 sem illa uppfylla ákvæði landsskipulagsstefnu um mat á áhrifum, sbr. orðalag hennar: „hve mikil“. Vísast þar einnig til markmiðs náttúruverndarlaga um að standa vörð um víðerni í elið 3. gr., auk skýrra krafna og markmiða í landsskipulagsstefnu.</p>	<p>Mismunur á myndum 13 og 14 í umhverfismatsskýrslu sýnir myndrænt hvar stefnumörkun skv. svæðisskipulagstillögu fyrir Suðurhálandi hefur leitt til skerðinga á þeim miðað við einföld fjarlægðarviðmið. Áform um bundið slitlag á stofnvegum skerða víðerni, sem og áform um Búrfellslund í samræmi við rammaáætlun. Afmörkun mannvirkjabelta gerir ráð fyrir virkjun í Hólmsá við Atley í samræmi við aðalskipulag Skaftárhrepps, sem leiðir til skerðingar á víðernum þar. <u>Bætt er inn á mynd 14 á hvaða svæðum skerðingar eru.</u></p>
V.4	Ófeig	<p>Skorað er á svæðisskipulagsnefndi að notast við nýjustu og bestu aðferðarfræði við kortlagningu víðerna og mat á skerðingu og endurheimt, og sem efnislega er bestu í samræmi við gildandi náttúruverndarlög, með lagabreytingum, og kom fram 2022 að því er varðar miðhálandi og er alveg nýlega komin fram að því er varðar allt landið. Mælt er með að litið sé til kortlagningar Wildland Research Institute.</p>	<p>Í kafla 2.2.3 í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir hvaða kortlagningu á víðernum svæðisskipulagið miðar við.</p> <p>Ákveðið var að miða við nýjustu kortlagninguna frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði 2021. Valið var að styðjast við þessa kortlagningu þar sem hún er unnin í tengslum við Rammaáætlun sem er verkefni á vegum stjórnvalda.</p> <p>Vel hefði mátt hugsa sér að miða við kortlagningu Steve Carver og félaga sem vísað er til í athugasemd, og mætti færa fyrir því fjölmörg rök. Best væri þó ef mögulegt hefði verið að miða við þá kortlagningu sem lög um náttúruvernd segja til um að eigi að liggja fyrir 1. júní 2023. Á meðan sú</p>

			kortlagning liggur ekki fyrir og stjórnvöld gefa ekki frá sér tilmæli um hvað skal miðað þá er hér miðað við kortlagningu Höfn 2021.
RF	Dreifikerfi raforku og fjarskipta		
RF.1	Landsnet	<p>Óska eftir að svæðisskipulagið veiti nægt svigrúm til að framfylgja stefnu stjórnvalda um flutning raforku, þar sem kveðið er á um að jafnaði skuli notast við loftlínur á meginflutningskerfi raforku, nema í undantekningartilvikum.</p> <p>Óska eftir mynd sem sýnir flutningslínur fyrirtækisins samanborið við mannvirkjasvæði og verndarheildir.</p>	<p>Stefna svæðisskipulagsins gefur svigrúm til að fylgja eftir stefnu stjórnvalda um flutning raforku, enda hafi endurbætur á flutningskerfi raforku lítil eða engin áhrif á víðerni. Þetta er áréttað í stefnu í kafla 3.3. og 5.1. og hér með undirstrikuðum viðbótum:</p> <p>Kafli 3.3. : „Eftir því sem kostur er skal raforkuflutningur vera um jarðstrengi, <u>eða nýjar línur við hlið núverandi lína</u> til að draga úr umhverfisáhrifum.“</p> <p>Kafli 5.1. : „Á mannvirkjasvæðum M1 og M2 er gert ráð fyrir að virkjanakostir sem eru í nýtingarflokki og biðflokki rammaáætlunar geti komið til framkvæmda, ásamt <u>endurbótum á flutningskerfi raforku</u>, enda hafi þau lítil eða engin áhrif á víðerni. <u>Gert er ráð fyrir að mögulegt sé að styrka dreifikerfið með samsíða háspennulínu við hlið eldri línu.</u> „</p> <p>Kafli 4.8. Komið er til móts við ósk um mynd sem sýnir flutningslínur Landsnets samanborið við mannvirkjasvæði og verndarheildir, <u>með því að bæta M1 og M2 inn á mynd 15.</u></p>
RF.2	Landsnet	Landsnet óskar eftir skýringu á hvernig skuli tryggja afhendingu raforku á mannvirkjasvæðum undir verndarheild V1.	<p>Í k. 3.3. segir: „Ný flutningskerfi raforku geta komið til greina á mannvirkjasvæðum, M1 og M2 ...“</p> <p>Í kafla 5.1. um Mannvirkjasvæði kemur fram að „Á mannvirkjasvæðum M1 og M2 er gert ráð fyrir að virkjanakostir sem eru í nýtingarflokki og biðflokki rammaáætlunar geti komið til framkvæmda, ásamt endurbótum á flutningskerfi raforku, enda hafi þau lítil eða engin áhrif á víðerni. <u>Gert er ráð fyrir að mögulegt sé að styrka dreifikerfið með samsíða háspennulínu við hlið eldri línu.</u>“ Breyting frá auglýstri tillögu er undirstrikuð.</p> <p>Við ákvarðanir um flutningskerfi raforku og fjarskipta í aðalskipulagi skal byggja á flokkun landslags og gera skal grein fyrir samræmi framkvæmda við mat á verndargildi svæða, sbr. kafla 4.1. „</p>
RF.3	Freyr Þórsson	Í kaflanum segir „Öruggt fjarskiptasamband skal vera á öllu Suðurlandinu“ og „Tryggja skal farsímasamband á öllum helstu áfangastöðum ferðafólks og áfangastöðum“. Hvort á það að vera?	Tryggja skal farsímasamband á öllu Suðurlandinu, einkum helstu áfangastöðum ferðafólks og á meginleiðum.

FE	Ferðapjónusta og innviðir		
FE.1	Ferðafélag Íslands	Fagnar breytingu þess eðlis að Nýidalur sé nú skilgreindur sem skálasvæði í stað hálendismiðstöðvar.	Parfnast ekki viðbragða
FE.2	Útivist	Mótfallin því að Húsadalur verði skilgreindur sem hálendismiðstöð, þar sem hann liggur ekki við meginleið þrátt fyrir fyrirhugaða göngutengingu yfir Markarfljót.	Miðstöðin er með heitið Húsadalur/Markarfljót sem vísar til þess að hún getur verið beggja vegna Markarfljóts. Í Húsadal er nú þegar í dag fjölbreytt þjónusta sem samræmist flokkuninni. Þar er í gildi deiliskipulag sem setur þeirri uppbyggingu mörk.. Aðgengi að Húsadal verður mjög gott eftir göngubrú verður byggð yfir Markarfljót og handan fljótsins verður áfangastaður þar sem fólk skilur eftir bíla. Saman mynda þessir tveir staðir miðstöðina. Þetta er undirstrikað með viðbót í texta í kafla 3.2.1.2. Hálendismiðstöðvar : „Húsadalur/Markarfljót er mikilvæg miðstöð til framtíðar, <u>sem getur verið beggja vegna Markarfljóts</u> , í námunda við Emstruleið inn á Syðra Fjallabak, ekki síst þegar betri göngutenging verður komin þangað um göngubrú yfir Markarfljót.“
FE.3	Þorvarður I. Þorbjörnsson	„Fyrir íbúa og gesti er mikilvægt að innviðir á hálendinu séu sterkir og þjóni þeim vel sem sækja svæðið heim að sumri sem vetri. Góðum innviðum fylgir meira öryggi og að því vinnum við.“ Hvaða innviði er átt við?	Umfjöllun í kafla 3 Sterkir innviðir, snýr að eftirtöldum viðfangsefnum; vegir, þjónustustaðir ferðamanna, flutningskerfi raforku og fjarskipta.
FE.4	Gunnar Sturla Ágústuson	Kallar eftir stefnumörkun um fjölda gesta á gististöðum hálendismiðstöðvanna.	Stefnumörkun um fjölda gesta á gististöðum hálendismiðstöðva er ekki viðfangsefni svæðisskipulags.
FE.5	Þjóðgarðurinn Þingvöllum	Óska eftir að möguleika á hálendismiðstöð í vesturhluta skipulagssvæðisins norðan við Þingvallasvæðið verði haldið opnum til að halda í möguleika á að stækka Þjóðgarðinn Þingvöllum til norðurs.	Þingvellir eru flokkaðir sem jaðarmiðstöð skv. svæðisskipulagi. Ekki er tekið undir það sjónarmið að setja nýja hálendismiðstöð inn á hálendið ofan Þingvalla á þessu stigi á svæði sem er utan Þjóðgarðs.
FE.6	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	Telja að skerpa þurfi á orðalagi hvað varðar fyrirkomulag fráveitu innan skipulagssvæðisins, þannig að skýrt sé að fráveita frá þjónustustöðum ferðamanna uppfylli kröfur sem gerðar eru til hreinsunar og losunar skólps skv. ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólps.	Texti í stefnu um þjónustustaði ferðamanna verður uppfærður miðað við ábendingu. „Fráveita þjónustustaða skal miða við leiðir sem eru viðurkenndar <u>og uppfylli kröfur sem gerðar eru til hreinsunar og losunar skólps skv. ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólps.</u> “
FE.7	Ferðafélag Íslands	Á bls. 26-27 er fjallað um úthlutun leyfa til nýtingar í Þjóðlendum. Í stefnu Forsætisráðuneytis um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í Þjóðlendum er fjallað um afréttarskála og segir að umráð slíkra skála er ekki háð leyfi sveitarfélaga og þar með ekki ráðuneytisins.	Upplýsingar um úthlutun leyfa vegna afréttarskála eru gefnar í kafla til skýringar við flokkun þjónustustaða k 3.2.1 og vísað í lagagreinar, stefnu forsætisráðuneytisins um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í

		Afréttarhafar eigi rétt á að stofnaðar séu lóðir undir slíka skála og að gert sé grunnsamkomulag um þá. Kallað er eftir því að ákvæði um hvaða grundvallarreglur gildi um afréttarskála sé bætt við svæðisskipulagið.	Þjóðlendum og leiðbeiningar sveitarfélaga um afnot af landi innan þjóðlenda á vef sambandsins. Vísað er í þessi gögn til frekari upplýsinga.
VE	Verndun		
VE.1	Umhverfisstofnun	Stofnunin beinir því til svæðisskipulagsnefndar að líta til VI. og VII. Kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og Ráðgjafarnefnd og fagráð náttúruminjasrár í 15. gr. náttúruverndarlaga við áframhaldandi vinnu við útfærslu á friðun á verndarheildum.	Efni ábendingar er bætt við umfjöllun í kafla 4.2. um verndarheildir sem er með yfirskriftina „Til skýringar“: „Við áframhaldandi vinnu við útfærslu á friðun á verndarheildum skal líta til VI. og VII. Kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og hafa samráð við Ráðgjafarnefnd og fagráð náttúruminjasrár skv.15. gr. náttúruverndarlaga.“
VE.2	Umhverfisstofnun	„Umhverfisstofnun bendir á að bætt aðgengi, stækkun á skálum og fjallaseljum innan og í jaðri friðlýstra svæða, líkt og stefnt er að í svæðisskipulaginu, getur haft neikvæð áhrif á verndargildi svæðanna. Markmið friðlýsingar Þjórsárvera er ekki að auka aðgengi að verndarsvæðinu, heldur þvert á móti að tryggja víðtæka og markvissa verndun gróðurlendis Þjórsárvera í heild sinni, vistkerfi veranna, rústamýrarvist, varpstöðvar heiðagæsa, víðernis, sérstakrar landslagsheildar og menningarminja, auk fræðslu til almennings um verndargildi svæðisins.“	Ekki er lögð til stækkun á skálum eða fjallaseljum innan eða í jaðri Þjórsárvera. Ný Sprengisandsleið liggur í jaðri Þjórsárvera í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps. Markmið svæðisskipulagsins er ekki að auka aðgengi að Þjórsárverum. Engar framkvæmdir eru heimilar innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar og svæðisskipulagið boðar engar slíkar framkvæmdir.
V.3	Umhverfisstofnun	„Í viðauka 1 á bls. 70 er vitnað í og valdar nokkrar málsgreinar úr 11. gr. friðlýsingaskilmála Þjórsárvera þar sem fjallað er um landnotkun og mannvirkjagerð. Þar segir að heimildir til mannvirkjagerðar vegna fræðslu og ferðaþjónustu sem eru í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélaga halda gildi sínu án þess að leita þurfi samþykkis Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þegar verið er að tala um „staðfest aðalskipulag“ er átt við staðfest aðalskipulag m.a. aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004- 2016, þ.e. staðfest skipulag á þeim tíma sem auglýsingin fyrir friðlandið tók gildi, þ.e. 9. október 2017.“	Um er að ræða texta er til upplýsingar og er endsögn úr friðlýsingarskilmálum. Til að bæta við þeim upplýsingum sem hér koma fram er eftirfarandi skýringu bætt við neðanmáls: „Sbr. ábendingu Umhverfisstofnunar þá er hér átt við staðfest aðalskipulög frá þeim tíma sem auglýsingin um friðlandið tók gildi, en það er 9. október 2017“
V.4	Umhverfisstofnun	„Í greinargerð segir að unnið sé að gerð verndaráætlunar fyrir friðlandið (bls. 71). Umhverfisstofnun bendir á að gefin hefur verið út stjórnunar- og verndaráætlun og aðgerðaráætlun fyrir Friðlands að Fjallabaki 2021-2030“	<u>Verður leiðrétt.</u>
V.5	Umhverfisstofnun	„Í tillöggunni eru lagðar fram tillögur og hugmyndir um mannvirkjabelti og svæði fyrir orkuvinnslu, stofnvegi og landsvegi sem liggja fyrir utan eða á jaðri friðlýstra svæða. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að	Umfjöllun er bætt við umhverfismatsskýrslu í umfjöllun um verndarsvæði í töflu 12. feb. 24

		<i>fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif innan friðlýstu svæðanna.“</i>	<p><u>Svæðisskipulag Suðurlands markar stefnu um vegaf framkvæmdir utan friðlýstra svæða sem geta haft áhrif á friðlýst svæði sbr. 54. gr. laga um náttúruvernd.</u></p> <p><u>Svæðisskipulagið markar stefnu um að Kjalvegur og Sprengisandsleið verði hóflega uppbyggðir vegir og lagðir slitlagi. Kjalvegur er í um 500 m fjarlægð frá landslagsverndarsvæði Kerlingarfjalla. Framtíðarlega Sprengisandsleiðar er á köflum í jaðri friðlands í Þjórsárverum.</u></p> <p><u>Stefna svæðisskipulagsins setur uppbyggingu vega innan mannvirkja-svæða skorður og kveðjur á um að náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar og að borin sé virðing fyrir landslagi og verndargildi landslagsheilda. Áhrif af vegaf framkvæmdum utan friðlýstra svæða eru metin óveruleg.</u></p>
VE.6	Umhverfisstofnun	<p><i>„Í greinargerð segir varðandi vegi að efnistökusvæði skulu, eftir því sem hægt er, vera í nágrenni vegstæðis og ekki á svæðum sem hafa hátt verndargildi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um námur í áætluninni sem gerir ráð fyrir talsverðum framkvæmdum sem krefjast efnistöku. Umhverfisstofnun telur að mikil námuvinnsla vegna framkvæmda muni geta haft neikvæð áhrif á verndarsvæði.“</i></p> <p>Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bætir við að þörf sé á að skerpa á að efnistöku- og efnislosunarsvæði verði einungis á svæðum skilgreindum sem slíkum í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.</p>	<p>Á þessu stigi áætlanagerðar er ekki mögulegt að skoða nánar hvar möguleikar til efnistöku.</p> <p><u>Bætt er í umfjöllun um efnistökusvæði að þau skuli vera í samræmi við aðalskipulag.</u></p>
VE.7	Þjóðgarðurinn Þingvöllum	<p>Í kafla um verndargildi landslags og landslagsheilda mótmæli ég greiningu á landslagsheildum sem umlykja Þingvelli. Það koma fram þrjú flokkar á landsvæðinu sem umlykja Þingvalla sigdældina í þeim mælikvarða sem kortið sýnir. Ljóst er að allir þessir flokkar eiga að vera í hæsta flokki umhverfis Þingvalla þar sem þeir mynda einstaka jarðfræðilega sjónræna heild allt umhverfis hjarta Þjóðgarðsins.</p>	<p>Svæðin lenda ekki í hæsta flokki því það eru fleiri þættir en jarðfræði sem hafa áhrif. Hluti svæðisins er ekki innan víðerna og þau vikta talsvert þarna inn. Vel er gerð grein fyrir á hverju einkunnin byggir og miðað við þau gögn þá fá þessar landslagsheildir ekki allar hæstu einkunn.</p>
VE.8	Land og skógur	<p>Kafla 4.1. fjallar um landslagsgreiningu og mat á verndargildi svæða. Við matið er miðað við vegið meðaltal fyrir þættina vistgerðir og lífríki, jarðminjar og landslag þar sem landslag gildir hæst (40%) en lífríki og vistgerðir einungis 25%. Land og skógur telur að lífríki hefði mátt hafa meira vægi í matinu.</p>	<p>Í greinargerð landslagsgreiningar er fjallað um vægi þáttanna. Við útreikningana var metið að landslagshlutinn myndi vega mest þar sem það er sá þáttur sem fólk upplifir sterkast. Jarðminjar vega 35% en jarðfræðin fléttast saman við landslagið í upplifun fólks. Vistgerðir og lífríki vega 25% en það er líklega sá þáttur sem fólk upplifir veikast af þeim 3 þáttum sem einkunnagjöfin byggir á</p>
VE.9	Land og skógur	<p>Ánægjulegt að minnst er á mikilvægi verndunar og endurheimtar votlendis á hálendinu.</p>	<p>Þarfnast ekki viðbragða.</p>

VE.10	Land og skógur	Það er tillaga stofnunarinnar að í ákvæðum um verndun verndarheilda V1 og V2 (kafla 4.2 og 4.3) verði því bætt við að landgræðsla, ræktun og útbreiðsla skóga og kjarrs sé eðlilegur hluti af verndun svæðanna.	Ekki er hægt að alhæfa um að landgræðsla, ræktun og útbreiðsla skóga og kjarrs sé í öllum tilfellum eðlilegur hluti af verndun svæðanna.
VE.11	Helgi Jónas Helgason Kristinn Magnússon Kristján Logason Þorvarður I. Þorbjörnsson Dagbjartur Lárus Herbertsson Gunnar Sturla Ágústuson Michael Virgil Bishop/Emma Ferðaklúbburinn 4x4 – Suðurlandsdeild Árni Alfreðsson Sigvaldi Sigurðarson Einar Torfi Finnsson Náttúruverndarsamtök Suðurl. Rémy David Martinache Birna Ásgeirsdóttir Thomas Davíð Stankiewicz Snædís Arnardóttir Freyr Þórsson Sighvatur Jónsson Félag húsbílaeigenda Ívar Örn Lárusson Pálmi Hannesson Ingunn Ósk Árnadóttir FETAR Landvernd Samút Eldvötn	Aukið aðgengi mun hafa í för með sér aukna ferðamennsku og þar af leiðandi aukið slit/skemmdir á viðkvæmum svæðum hálendisins (Allir) Það er áberandi að markmið tillögunnar og útfærsla stangast á. Markmið lýsa vernd og umhyggju fyrir verðmætum Suðurhálendisins en tillagan felur í sér áform um mikla mannvirkjagerð sem mun valda breytingum á eðli og náttúru hálendisins. Aukið álag verður á náttúruna, víðerni munu skerðast og mikil uppbygging verður í lítt röskuðu landslagi hálendisins. Ekki er tekið tillit til þolmarka svæðisins en einn tilgangur stefnumörkunarinnar er að gera það. Þó er margt í stefnunni jákvætt og felur í sér áherslur um sjálfbæra nýtingu og virðingu fyrir náttúrugæðum og sérstöðu svæðisins (Ýmsir). Ekki er gerð greining á því hve mikinn fjölda ferðamanna svæðið ber (carrying capacity) og það vantar mótvægisaðgerðir til að vinna gegn mögulegum neikvæðum áhrifum uppbyggingarinnar. (Gunnar Sturla o.fl.)	Athugasemdir eru gerðar um mikla mannvirkjagerð og snúa aðallega að aukinni uppbyggingu vegakerfisins og í ferðaþjónustu. Margar umsagnir benda á að aukin umferð í kjölfar bættra vega, gæti haft neikvæð áhrif á náttúrugæði vegna aukins álags vegna bættis aðgengis. Ef vegir batna án þess að þess verði gætt að stýra umferð með lokunum þar sem land er viðkvæmt, eða bæta aðstæður á áfanga- stöðum þannig að þeir þoli umferð ferðafólks, þá geta áhrif verið neikvæð áhrif. Því er það háð útfærslu hvort stefna í svæðisskipulagi styður við eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði. Til að undirstrika að ákvarðanir um opnunartíma vega skuli taka að vel ígrunduðu máli er eftirfarandi stefnu bætt í umfjöllun í kafla um vegi : Kafli 3.1.1. : „Opnunartími <u>vega skal taka mið af ástandi svæða s.s. hvort svæði liggur undir skemmdum, hvort lífríki er í hættu, hvort viðkvæmar jarðmyndanir eru í hættu og tilvik neyðar- og hættuástands vegna t.d. náttúruhamfara, stórslysa, eða óvæntra veðurviðburða.</u> “
MA	Mannvirkjasvæði		
MA.1	Ferðafélag Íslands	Kort á bls. 58 sýnir mannvirkjasvæði í samhengi við verndarheildir og er mikilvægt að mannvirkjum sem skarast við verndarheildir V1 sé haldið í lágmarki eins og kostur er.	Stefna um mannvirkjasvæði innan verndarheilda V1 gerir ráð fyrir að mannvirkjum þar sé haldið í lágmarki.

MI	Menningarminjar		
MI.1	Minjastofnun Íslands	<p>Í kafla 7.2. í greinargerð svæðisskipulagsins eru birtar hugmyndir að mælikvörðum sem hægt væri að nota í þeim tilgangi að meta framfylgd svæðisskipulagsins. Minjastofnun leggur til að þarna verði settar inn upplýsingar um skráðar fornleifar innan svæðisins á hverjum tíma.</p>	Hugmyndir eru settar fram um mælivarða til að meta framfylgd stefnu svæðisskipulagsins. Umfjöllun og markmið í svæðisskipulagi gefa ekki tilefni til að bæta við hugmynd að mælikvarða fyrir skráningu fornleifa.
BV	Beitar og veiðinytjar		
BV.1	Umhverfisstofnun Land og skógur	<p><i>Umhverfisstofnun bendir á að á bls. 65 í greinargerð segir að áfram verði unnar landbótaáætlanir sem komi í veg fyrir að beitiland sé nýtt umfram beitarþol og um uppgræðslu rofsvæða. Hins vegar segir í kafla 5.4 segir að beitar skipulag og beitarstýring verði með þeim hætti að beitarþungi og beitarálag verði sem minnst á viðkvæmari svæðum.</i></p> <p><i>Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett sé fram stefna um að beitar- og veiðinytjar verði með sjálfbærum hætti.</i></p>	<p>Svæðisskipulagsnefnd setur stefnu um beit og veiðinytjar fram á eftirfarandi hátt :</p> <p>„Áfram verður hófleg beit á afréttum og landnýting í samræmi við landbótaáætlanir reglugerðar nr. 1166/2017 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu og lög um afréttarmálefni, fjallskil og fleira frá 1986.</p> <p>Áfram verður stunduð veiði í ám og vötnum og veiðinytjar verði með sjálfbærum hætti.“</p>
O	Orka		
O.1	Orkusalan	Vilja endurmeta flokkun Hólmsárvirkjanakostsins úr flokki B í flokk A.	Ekki er tekið undir þetta. Áform um orkuvinnslu munu hafa áhrif á svæðið þar sem eru miklir verndarhagsmunir. Svæðið er því í flokki B, þó að virkjunin sé ekki stór.
O.2	Íslensk vatnsorka Landeigendur Úthlíð	<p>Íslensk vatnsorka hefur rannsóknarleyfi vegna áforma um Hagavatnsvirkjun með endurheimt Hagavatns samhliða virkjun, í samræmi við aðalskipulag Bláskógabyggðar. Umhverfismat er í vinnslu, þar mun koma fram greinargerð á því sem samræmist ekki Svæðisskipulagi Suðurlandis.</p> <p>Núverandi aðalskipulag Bláskógabyggðar gerir ráð fyrir endurheimt Hagavatns og að stækkað Hagavatn verði nýtt til raforkuframleiðslu til að auka hagkvæmni framkvæmdarinnar. Svæðisskipulag Suðurlandis þarf að taka tillit til þess.</p> <p>Landeigendur Úthlíð taka undir athugasemdir Íslenskrar vatnsorku.</p>	<p>Stefna svæðisskipulagsins útilokar ekki áform um Hagavatnsvirkjun, en vakin er athygli á því að virkjanahugmyndir hafa áhrif á svæði sem hafa hátt verndargildi sbr. mynd 17.</p> <p>Í stefnumörkun um orkuvinnslu segir að „Allar hugmyndir um nýtingu til orkuvinnslu skulu byggja á mati á áhrifum virkjanakosta, þörf fyrir nýtingu og mati á áhrifum nýtingar og orkuflutnings á umhverfi, efnahag og samfélag“. Ennfremur að ef upp koma „miklir hagsmunaárekstrar á milli orkuvinnslu og verndar skal skoða sérstaklega hvernig hægt sé að lágmarka neikvæð áhrif“.</p>
O.3	Umhverfisstofnun	<p>„Umhverfisstofnun telur því rétt að setja fram skýrar stefnur og leiðir um orkuvinnslu sem ekki eru til þess fallin rýra verndargildi friðlýstra svæða, eins og Þjórsárvera. Auk þess bendir Umhverfisstofnun skipulagsnefndinni á að líta til verndarmarkmiða og stjórnumar– og verndaráætlunar friðlýstra svæða eins og stofnunin bendir á ...“</p>	Stefna svæðisskipulagsins felur ekki í sér að orkuvinnsla rýri verndargildi friðlýstra svæða. Hins vegar er vakin athygli á því að áform um Kjalölduveitu skarist á við náttúruverndarhagsmuni sem tengjast m.a. Þjórsárverum.

U	Umhverfismatskýrsla		
U.1	Landsvirkjun	<p>Í töflu 12 er gengið lengra en ákvörðun svæðisskipulagsnefndar í að takmarka möguleika til nýrra virkjanafmarkvæmda. Þar kemur fram á bls. 72 að „<i>nýir virkjanakostir skulu ekki skerða víðerni</i>“. Hér er þannig mun sterkar til orðs kveðið og virðist þetta orðalag í mótsögn við stefnu Suðurrhálendis og ákvörðun svæðisskipulagsnefndar. Landsvirkjun óskar eftir að þessu orðalagi verði breytt.</p> <p>Landsvirkjun bendir einnig á að fordæmi séu í náttúruverndarlögum um röskun svæða og náttúrumyndana sem hafa verndargildi. Æskilegt væri að horfa til samræmis við gildandi löggjöf en í 3. mgr. 37. gr laga 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um „almannahagsmuni“ sem gild rök fyrir röskun svæða sem teljast hafa verndargildi.</p>	Texti í töflu 12 er uppfærður miðað við umfjöllun í kafla 5.1.Mannvirkjasvæði þar sem segir: „ <u>Staðsetja skal ný mannvirki þannig að þau hafi lítil eða engin áhrif á víðerni.</u> “
U.2	Ferðafélag Íslands	Í meginatriðum sammála niðurstöðu umhverfismatsins og vali á sviðsmynd B.	Krefst ekki viðbragða.
U.3.	Náttúrufræðistofnun	Gerð er athugasemd við mat á áhrifum stefnunnar á gróður og dýralíf. „Eins og kom fram í fyrri umsögn telur Náttúrufræðistofnun að hætta á aukinni umferð vegi á móti mögulega betri dreifingu og stýringu og að upplýsingar um þölmörk náttúru á svæðinu séu ekki nægilega góðar til að geta ályktað að áhrifin verði jákvæð, frekar en óveruleg eða mögulega neikvæð.“	Ábendingu úr umsögn Náttúrufræðistofnunar <u>hefur verið bætt inn í mat</u> á áhrifum stefnunnar á gróður og dýralíf undir matsspurningunni „Er ferðafólki og aðstöðu fyrir það dreift þannig að álag á náttúruna sé í samræmi við þol hennar“ og áhrifin mein óveruleg.
U.4	Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun telur það nauðsynlegt að vegir inn í Landmannalaugar falli vel að landi, að vikið sé frá veghönnunarreglum ef þörf er á til að lækka hámarkshraða og láta veg falla vel að landi til að vernda verndargildi Landmannalauga. Umhverfisstofnun vill benda á vegi innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum hvað hámarkshraða varðar	Athugasemdin þarfnast ekki viðbragða.
U.5	Umhverfisstofnun	<p>Umhverfisstofnun vill vekja athygli á ef gert er ráð fyrir að uppbyggðir vegir verði færir „minnst“ fimm til sex mánuði hvert ár má vera ljóst að unnt verði að komast inn á verndarsvæðin þegar land er hvað viðkvæmast þegar frost er að fara úr jörðu á vorin og á haustin þegar votviðri eru algeng og gróður viðkvæmur, sem getur valdið álagi og raski á verndarsvæðin.</p> <p>Því er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar að í umhverfisskýrslu sé lagt mat á hver áhrif tillögunnar um bætt aðgengi og mannvirkjagerð séu á verndarsvæðin innan hálendisins.</p>	<p>Í svæðisskipulaginu er víða áréttað að mikilvægt sé að stýra umferð þannig að opnun vega að vori taki tillit til ástands vega og þess hvort svæði séu tilbúin fyrir umferð ferðamanna.</p> <p>Í umhverfismatskýrslu undir umhverfisþættinum Byggð er fjallað um áhrif á náttúrugæði vegna aukins álags vegna bættis aðgengis: „Margar umsagnir við vinnslutillögu bentu á að aukin umferð í kjölfar bætttra vega, gæti haft neikvæð áhrif á náttúrugæði vegna aukins álags vegna bættis aðgengis. Ef vegir batna án þess að þess verði gætt að stýra umferð með lokunum þar sem land er viðkvæmt, eða bæta aðstæður á áfangastöðum þannig að þeir þoli umferð ferðafólks, þá geta áhrif verið neikvæð. Því er það háð útfærslu hvort stefna í svæðisskipulagi styður við eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.“</p>
U.6	Umhverfisstofnun	„ <i>Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í greinargerð er fjallað um mikilvægi þess að vernda óbyggð víðerni en á öðrum stað fjallað um umtalsverða uppbyggingu, fjölga skálasvæðum og fjallaselum og</i>	Bent er á umfjöllun í umhverfismatskýrslu þar sem gerð er ítarleg grein fyrir forsendum fyrir breytingu á flokkun þjónustustaða í forsenduhluta, í kafla 2.5.3 og mati á áhrifum breytinga á þjónustustöðum í

		<i>hálandismiðstöðvum og byggja upp vegi. Þarna geta markmið stangast á. Stefna ætti á að miða alla uppbyggingu við nú þegar röskuð svæði en ekki raska nýjum og ósnortnum svæðum. Nú þegar er mikið af skálum, fjallaselum og vegum á hálandinu og hlúa ætti að því frekar en að byggja upp á nýjum svæðum þar sem óbyggð víðerni eru áundanhaldi á hálandi Íslands. Því er nauðsynlegt að mati stofnunarinnar að lagðar séu fram matsspurningar um hver áhrif tillögunnar um bætt aðgengi og mannvirkjagerð séu áverndarsvæðin innan hálandisins.“</i>	umhverfismatsskýrslu undir matsspurningunni „Er ferðafólki og aðstöðu fyrir það dreift þannig að álag á náttúruna sé í samræmi við þol hennar?“ Alls er gerð tillaga að því að færa 9 svæði niður um flokk, fimm færast upp um flokk, í samræmi við uppbyggingu sem orðin er, og eitt nýtt skálasvæði bætist við, einnig í samræmi við uppbyggingu sem nú þegar hefur verið orðið á svæðinu. Svæðisskipulagsnefnd tekur ekki undir að breytingar á flokkun þjónustustaða feli í sér áform um mikla mannvirkjagerð.
G	Grunnvatn		
G.1	Umhverfisstofnun	<i>„Umhverfisstofnun telur skorta skýra umfjöllun um vatnamál í greinargerðinni þ.e. að skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlun. Umfjöllun um grunnvatn sem neysluvatn er ágæt en mikilvægt er að sett sé fram stefna, markmið og leiðir sem eru í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.“</i> <i>„Dæmi um framkvæmdir sem geta haft áhrif á vatn eru t.d. vegagerð, virkjanir, efnistaka, uppbygging ferðamannastaða og</i> <i>línulagnir. Vinna þarf áhrifamat þar sem áhrif tillögunnar á þá gæðabætti sem notaðir eru til</i> <i>ástandsflokkunar vatnshlota eru metin... Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotsins þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á</i> <i>vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála“</i>	Í svæðisskipulagi er sett fram stefna um valin viðfangsefni. Sveitarfélögin og heilbrigðisnefndir styðja við innleiðingu vatnaáætlunar og aðgerðaráætlunar hennar eins og fram kemur í kafla 4.4. um Vatn. Eftir því sem við á móta sveitarfélögin stefnu og aðgerðir í aðalskipulagi til að vernda vatnsauðlindina. Áhrifamat vegna framkvæmda eins og því er lýst á við um framkvæmdaaðila en bíður framkvæmdaaðila, en Svæðisskipulagsnefnd er ekki í því hlutverki.
LG	Landslagsgreining		
LG.1	Ferðaklúbburinn 4x4 Land og skógur	Verndargildiseinkunnir eru gefnar á skalanum 1-4. Fyrir vistgerðir og lífríki, jarðminjar og landslag er 4 hæst, en fyrir landslagssvæði er 1 hæst. Framsetning afar ruglandi fyrir lesarann. Í greinargerð um flokkun landslags (kafla 3.2) er ekki minnst á hvaða gildi er hæst eða lægst.	Í skipulagsgreinargerð og skýrslu um landslagsgreiningu er með skýrum hætti gerð grein fyrir þeim skala sem er notaður við hvert kort fyrir sig.
LG.2	Umhverfisstofnun	<i>„Umhverfisstofnun telur landslagsgreininguna vera til fyrirmyndar, vel unna og framsetta. Í greinargerð (bls. 36) kemur fram að dregnar séu upp flákar og þeir flokkaðir eftir flokkunarkerfi fyrir landslag á Íslandi sem aðlagð hafði verið Suðurhálandi en stofnunin telur mikilvægt að útskýrt</i>	Í greinargerð um landslagsgreininguna kemur fram í kafla 3.1. við hvaða gögn var stuðst þegar landslagsheildarnar voru dregnar upp utan um sambærileg svæði og að afmörkunin hafi verið rýnd af Náttúrufræði-

		<i>sé nánar hvernig flákarnir eru dregnir upp og fjallað sé um hverjir kostir og gallar greiningarinnar eru. Að mati stofnunarnar er helsti gallinn sá að flákarnir ná yfir stór svæði þar sem verið er að greina mjög ólíka þætti eins og vistgerðir, jarðminjar, landslag og vatnsstreymi.“</i>	stofnun og Sigurði H. Magnússyni. Eins er sagt frá því að viðmiðunar-mælikvarði kortlagningarinnar sé 1:50.000 sem skýrir nákvæmni kortlagningarinnar. Við afmörkun landslagsheilda í þessum mælikvarða þarf alltaf að gera ráð fyrir að heildirnar séu ekki algjörlega einsleitar. Um mat á verndargildi heildanna, kosti og galla er fjallað í lok kafla 3.6.
KY	Kyrrlát svæði		
KY-1	Freyr Þórsson Landssamband Íslenskra Vélsléðamanna Ferðaklúbburinn 4x4 – Suðurlandsdeild Snædís Arnardóttir Pálmi Hannesson	Setningunni „Heimilt er að stýra og eftir atvikum takmarka umferð um kyrrlát svæði“ er mótmælt á grundvelli þess að það geti leitt af sér akstursbann (Allir). Takmörkun vélknúinnar umferðar er veruleg mismunun ferðahópa þar sem ferðafólk/útvistarfólk sem nýtir eigin fætur er hyglt umfram aðra hópa (Allir).	Ekki er tekið undir ábendingar. Stefna um kyrrlát svæði er sett fram til að stuðla að því að kyrrlát svæði séu varðveitt til framtíðar þar sem þau fela í sér mikil verðmæti. Vel getur átt við að takmarka akstur til að ná fram því markmiði. Ekki er tekið undir það sjónarmið að réttur ferðahópa sem fara um á vélknúnum faratækjum eigi alltaf að ganga fyrir. Í texta í svæðisskipulagi segir: „„Miðað er við að kyrrlát svæði séu alla jafna án truflunar frá umferð vélknúinna farartækja. Mikil verðmæti til framtíðar eru fólgin í kyrrlátum svæðum.“
KY.2	Ferðafélag Íslands	Í umfjöllun um kyrrlát svæði er nánari útfærslu á leiðum til framfylgdar á stefnu, vísað í aðalskipulagsgerð hvers sveitarfélags. Fí telur rétt að skilgreina betur í svæðisskipulagi hvaða leiðir séu fyrir hendi til að tryggja kyrrð á kyrrðarsvæðum, t.d. bann við þyrflu- og drónaflugi o.fl.	Stefna um kyrrlát svæði er ekki útfærð nánar en vísað til aðalskipulags.
KY.3	Útivist Samút	Útivist og Samút telja að rétt sé að varðveita þau verðmæti sem felast í kyrrlátum svæðum. Bendir á að kyrrlát svæði eigi að vera sem samfelldust, slóðar séu nauðsynlegir en þar þurfi að stíga varlega til jarðar. Atvinnustarfsemi sem fénýting eigi ekki þar heima og þjónusta skuli vera í algjöru lágmarki. Aðeins gisting í fjallaskálum og tjöldum.	
SK	Skógrækt		
SK.1	Land og skógur	Í tillögunni gæti misskilnings um hugtakið náttúruskóga (t.a.m. á bls. 68). Orðið náttúruskógur merkir skv. lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 einungis þá skóga af innlendum trjátegundum sem eru sjálfsánir. Á stórum svæðum innan skipulagssvæðisins hefur verið unnið að skógrækt. Það eru þó ekki náttúruskógar skv. skilningi laganna, og þess vegna er réttara að nota annað orðalag, t.d. „skóga af innlendum tegundum“, „birkiskóga“, „skóga og kjarr af birki og víði“ eða annað þ.h.	<u>Bætt er við</u> ítarlegri skilgreiningu á náttúruskögum í kafla 6.1. <i>Til skýringar</i> í samræmi við lagagrein sem vísað er til.

SK.2	Land og skógur	Skipulagssvæðið nær yfir allar Þjóðlendur á suðursvæði miðhálandisins. Það felur ekki í sér að allt svæðið sé hálandi. Þjóðlenda merkir eingöngu að tiltekið svæði falli undir lög um Þjóðlendu, en ekkert umfram það. Þess vegna er það mikilvægt að fram komi að svæðisskipulagið setji ekki stólinn fyrir dyr skógræktar á skipulagssvæðinu. Má í þessu samhengi benda á neðri hluta Biskupstungnaafréttar, Þjórsárdal, Árskóga og afrétti Rangæinga neðan til, og sama gildir um láglandari hluta afrétta Skaftfellinga, t.a.m. Áltaversafrétt.	Í kafla 6.1. um Loftslag er fjallað um skógrækt innan skipulagssvæðisins þar sem skógrækt innan svæðisins er til umfjöllunar sem loftslagsvæn landnotkun. Kort í kaflanum, sem birt er til skýringar sýnir ræktað skóglendi innan svæðisins sýnt.
FR	Framfylgd		
FR.1	Náttúrufræðistofnun	Írekar ábendingu um að í umfjöllun um mælikvarða svæðisskipulagsnefndar telji Náttúrufræðistofnun brýnt að einhverjir þeirra meti áhrif stefnunnar á náttúru svæðisins.	Skýrt kemur fram í greinargerð að um er að ræða hugmyndir að mælikvörðum sem þróaðir verða áfram af svæðisskipulagsnefnd. Í kjölfar ábendingar Náttúrufræðistofnunar við tillögu á vinnslustigi var bætt við að mælikvarðarnir yrðu þróaðir áfram af svæðisskipulagsnefnd „í samráði við hagaðila. Hagaðilar geta t.a.m. verið Umhverfistofnun og Náttúrufræðistofnun.“
LO	Loftslag		
LO.1	Land og skógur	Í kafla 6 er rætt um viðnám við loftslagsbreytingum. Öskufalls er hvergi getið í greinargerðinni. Öskufall, fokaska og uppblástur eru grafalvarleg náttúruvá. Einnig ná áhrif eldfjallagjósku af ýmsu tagi út fyrir öskufallsvæðið sjálf, með auknu foki og verri loftgæðum og ama fyrir búsmala, fólk og mannvirki. Land og skógur bendir á að besta vörnin við öskufalli eru skógar og landgræðsla. Það er því tillaga stofnunarinnar að þessum texta verði bætt við: „Landgræðsla og skógrækt, hvort sem það er vernd skóga eða útbreiðsla þeirra, eykur getu landsvæða til að þola öskufall og koma í veg fyrir að áhrif þess breiðist út fyrir öskufallssvæðið.“	Í kafla 6 er fjallað um nytjaskógrækt og landgræðslu til kolefnisbindingar og til varnar jarðvegsrofi. Öskufok og uppblástur vegna öskufalls er einn áhrifaþátta jarðvegsrofs en ekki er sérstaklega fjallað um mismunandi áhrifaþætti jarðvegsrofs.